



SAMPYKKT UM STARFSÞJÁLFUN Í KENNARANÁMI

Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8.-9. maí 2014 telur mjög áriðandi að sett verði í lög ákvæði um lágmarks vettvangsnám kennaranema en slík ákvæði er ekki að finna í núverandi lögum. Þar sem verulegur fjárskortur hefur hamlað starfi kennaramenntunarstofnana undanfarin misseri hefur ekki tekist í nægilega miklum mæli að veita nemum þennan mikilvæga undirbúning fyrir kennarastarfið.

Þá áréttar fundurinn að tryggja þarf að félagsmenn sem taka nema í starfsþjálfun njóti viðunandi starfskjara sem byggi á samræmdu samkomulagi KÍ við viðkomandi háskóla. Skorað er á stjórnvöld að beita sér fyrir lögfestingu ákvæða um vettvangsnám og að tryggja fjárveitingar til þess þannig að nemendur fái góða og markvissa leiðsögn reyndra kennara við raunaðstæður.

Menntastofnanir setji sér samræmdar reglur um verklag og greiðslur. Tryggt verði að greiðslur renni beint til þeirra kennara sem taka við nemum og þeim verði veitt svigrúm til að sinna verkefninu.